

52. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 4.11. 2025, kl.9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Jóhann F. Þórhallsson er oddviti í fjarveru Lárusar Heiðarssonar. 1. Varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi og 2. Varamaður Guðni Jónsson var mættur. Mættur undir lið. 2 kl: 9:00 Glúmur Björnsson jarðfræðingur hjá HEF veitum. Mættur undir lið 3 og 4. Kl: 10:00 Í gegnum fjarfundarbúnað Kristinn Bjarnason lögmaður sveitarfélagsins. Mættur undir lið nr. 5 kl: 11:00 í gegnum fjarfundarbúnað Huginn Freyr Þorsteinsson almannatengill og ráðgjafi hjá Aton.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2026-2029 fyrri umræða
2. Tilraunaborholur heitavatns
3. Viljayfirlýsing um Orkugarða Austurlands
4. Viljayfirlýsing um byggingar í Hamborg
5. Kynningarmál Fljótshrepps
6. Hús sveitarfélagsins í Hamborg
7. Umhverfisstyrkur á Arnheiðarstöðum
8. Hljóðkerfi í Végarði
9. Ráðningarbréf endurskoðunar
10. Skipun fulltrúa í Úrgangsráð Austurlands
11. Samstarfsumsókn með Skógarafurðum til uppbyggingarsjóðs
12. Fundargerðir:
 - a. Íbúafundar 21.10.2025
 - b. Stjórnar Ásala 25.9.2025
 - c. Fagráðs Minjasafns Austurlands 14.10.2025
 - d. Heilbrigðisnefndar 21.10.2025

- e. Sambands íslenskra sveitarfélaga 10.10 2025
- f. Sambands íslenskra sveitarfélaga 21.10.2025
- g. SSA 24.10.2025
- h. Austurbrúar 24.10.2025

- 13. Ágóðahlutur Brunabót
- 14. Umsókn Náttúruskóla um fjárstyrk
- 15. Umsókn til bókaútgáfu um réttir
- 16. Skýrsla sveitarstjóra
- 17. Önnur mál:

1. Fjárhagsáætlun 2026-2029 fyrri umræða

Sveitarstjórn samþykkir til síðari umræðu framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2026, ásamt þriggja ára áætlun 2027 – 2029. Jafnframt var samþykkt að sveitarstjórnarmenn skili inn ábendingum til sveitarstjóra/endurskoðanda er varða breytingar á fjárhagsáætluninni fyrir lok dags 15.11.2025. Haldinn verður kynningarfundur seinnihlutann í nóvember fyrir íbúa um fjárhagsáætlun fyrir 2026 og 3 ára áætlun 2027- 2029. Sveitarstjóra falið að auglýsa fundinn.

2. Tilraunaborholur heitavatns

Glúmur kynnti niðurstöðu skýrslu um jarðhitaleit í Fljótsdal. Sveitarstjóra í samráði við jarðfræðing er falið að undirbúa áframhaldandi jarðhitaleit. Glúmur vék af fundi kl: 9:43.

3. Viljayfirlýsing um Orkugarða Austurlands

Kristinn fór yfir helstu breytingar. Sveitarstjórn samþykkir framlengingu á samningi til dags. 1. Mars 2027. Samþykkt einróma.

4. Viljayfirlýsing um byggingar í Hamborg

Kristinn kynnti málið. Sveitarstjórn samþykkir viljayfirlýsingu við Búðingar ehf. Kt: 420221-1420 um samstarf við uppbyggingu íbúðarkjarnans í Hamborg. Kristinn vék af fundi kl: 10:27.

5. Kynningarmál Fljótsdalshrepps

Huginn var með kynningu á sínu fyrirtæki Aton í markaðsmálum og almannatengslum sem gæti aðstoðað okkur við kynningu á sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir tilboð frá Aton.

Huginn vék af fundi kl: 11:28

6. Hús sveitarfélagsins í Hamborg

Sveitarstjórn samþykkir að byrja á grunni og sökkli á íbúðarhúsi sem sveitarfélagið ætlar að byggja. Þetta er í samræmi við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að halda áfram með málið.

7. Umhverfisstyrkur á Arnheiðarstöðum

Upphafleg umsókn varðaði málun á íbúðarhúsi. Sveitarstjórn samþykkir breytingu á umhverfisstyrknum og að hann verði nýttur í endurnýjun á ljósum í útihúsum.

8. Hljóðkerfi í Végarði

Sveitarstjórn samþykkir kaup á hljóðkerfi fyrir Végarð samkv. fyrirbyggjandi tilboði frá HljóðX kr. 1.720.582 m/vsk.

9. Ráðningarbréf endurskoðunar

Sveitarstjórn samþykkir hjálagt ráðningarbréf dags. 4. 11. 2025.

10. Skipun fulltrúa í Úrgangsráð Austurlands

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Höllu Auðunardóttur sem aðalmann í Úrgangsráð og Guðna Jónsson til vara.

11. Samstarfsumsókn með Skógarafurðum til uppbyggingarsjóðs

Lagt fram til kynningar.

Jóhann vék af fundi kl: 10:55 vegna veikinda, Helgi tók við fundarstjórn.

12. Fundargerðir:

a. Íbúafundar 21.10.2025

Kynnt.

b. Stjórnar Ásala 25.9.2025

Kynnt.

c. Fagráðs Minjasafns Austurlands 14.10.2025

Kynnt.

d. Heilbrigðisnefndar 21.10.2025

Kynnt.

e. Sambands íslenskra sveitarfélaga 10.10 2025

Kynnt.

f. Sambands íslenskra sveitarfélaga 21.10.2025

Kynnt.

g. SSA 24.10.2025

Kynnt.

h. Austurbrúar 24.10.2025

Kynnt.

13. Ágóðahlutur Brunabót

Endurgreiðsla kr. 20.000.

14. Umsókn Náttúruskóla um fjárstyrk

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja kr. 100.000 vegna jólahefðardags í Óbyggðasetrinu.

15. Umsókn til bókaútgáfu um réttir

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 250.000.

16. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri kynnti umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir árið 2026.

Eftirtaldar umsóknir voru sendar inn:

1. Áningarstaðir við göngustíg við Hengifoss. Sótt um kr. 5.456.000.
2. Framkvæmdir við Bessastaðaárgil og Melarétt, bílastæði, stígur og merkingar.
Sótt um kr. 47.042.000.
3. Lagfæringar á stíg Fossahringsins og merkingar. Kr: 5.456.000.

Halla vék af fundi kl: 11:53

17. Önnur mál:

Sveitarstjórn samþykkir að settur verði upp ljósastaur á Höllustöðum í samræmi við það sem gert hefur verið á öðrum lögbýlum.

Halla kom aftur til fundar kl: 11:57

Fundi slitið kl: 11:59

Anna Jóna Árnarsdóttir

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Kjartan Benediktsson

Jóhann F. Þórhallsson, oddviti